

97. Héraðsþing UMSK – Þinggerð

97. ársþing UMSK var haldið fimmtudaginn 25.febrúar 2021 bæði rafrænt og í sal ÍSÍ í Laugardal

1. Þingsetning.

Valdimar Leó Friðriksson, formaður UMSK, flutti ávarp þar sem hann fór m.a. yfir sinn feril í stjórn UMSK þar sem hann mun ekki sækjast eftir áframhaldandi formennsku. Ferillinn spannar 24 ár og þ.a. 20 ár sem formaður. Fór hann yfir þá hluti sem hann er stoltastur af s.s. eins og traustan rekstur félagsins og Skólahreysti, sem byrjaði sem Skólahreysti UMSK en var svo síðar Skólahreysti Grunnskólanna. Hann notaði tækifærið og þakkaði aðildarfélagunum, stjórn UMSK og framkvæmdastjóra sambandsins fyrir gott starf og samvinnu og óskaði nýrri stjórn velfarnaðar í starfi. Eftir ávarpið sett hann þingið og bauð þingfulltrúa og gesti velkomna á fundinn.

2. Kosning þingforseta.

Formaður lagði fram tillögu um Braga Björnsson, formann Gróttu, sem þingforseta og var það samþykkt.

3. Kosning ritara.

Þingforseti tók til starfa og gerði að tillögu sinni að Halla Garðarsdóttir, ritari stjórnar UMSK yrði kosinn þingritari. Var það samþykkt.

4. Kosning þriggja manna kjörbréfanefndar.

Þingforseti bar upp tillögu um Steina Þorvaldsson, Hönnu Cörlu Jóhannesdóttir og Algirdas Slapikas í kjörbréfanefnd og var það samþykkt.

5. Skýrsla stjórnar lögð fram.

Valdimar Leó formaður UMSK fór yfir skýrslu stjórnar sem finna má í ársskýrslu fyrir árið 2020.

6. Ársreikningur áritaður af stjórn og skoðunarmönnum lagður fram.

Guðmundur Sigurbergsson, gjaldkeri stjórnar UMSK, fór yfir endurskoðan ársreikning sambandsins. Ársreikningurinn er á bls. 38-42 í ársskýrslu UMSK. Guðmundur gerir sérstaklega grein fyrir aukaúthlutun UMFÍ og ÍSÍ til UMSK vegna Covid en það útskýrir m.a. aukningu í tekjum á milli ára.

7. Ávörp gesta.

Jóhann Steinar Ingimundarson, varaformaður UMFÍ.

Jóhann Steinar flutti kveðjur stjórnar og starfsmanna UMFÍ með óskum að svokallaður Covid styrkur UMFÍ til aðildarfélaga UMSK hafi komið að góðum notum. Hann hvatti félögin til að skoða möguleika á að nýta úrræði vinnumálastofununar í starfi sínu. Greindi hann frá því að töluverð aukning hafi verið í tekjum af starfi Íslenskra Getrauna á s.l. ári sem hefði skilað sér inn í íþróttastarfið. Hann greindi frá því að öllu mótahaldi UMFÍ verður frestað til næsta árs, fyrir utan Landsmóts 50 ára og eldri. Á síðasta ári var ákveðið að fara í stefnumótun í UMFÍ. Jóhann fór yfir feril Valdimars Leó innan íþróttahreyfingarinnar undanfarna áratugi og þakkaði honum fyrir góð störf.

Lárus Blöndal, forseti ÍSÍ.

Lárus kom á framfæri kveðju til UMSK frá stjórn ÍSÍ. Lárus ræddi um mikilvægi þess að fara yfir síðasta ár og hvaða lærdóm má draga af slíku ári. Mikil og góð samvinna var á milli aðila s.s. eins og sóttvarnaryfirvalda og íþróttahreyfingarinnar og hægt að taka sameiginlega afstöðu til mála. Hann fór yfir að margt hafi mögulega breyst til framtíðar á þessu ári t.d. að alþjóðlegt starf hafi farið yfir í rafrænt form og það einfaldi samskipti. Einnig kom hann inn á að myndin Lyftum ránni og umræður í kjölfarið hafi orðið til þess að nauðsynlegt er að skoða hvernig staðið er að þjálfun barna og unglinga og hvernig á að hafa eftirlit með þjálfurum í framtíðinni.

Lárus þakkar Valdimari fyrir hans starf í þágu íþróttahreyfingarinnar.

8. Álit kjörbréfanefnar

Steini Þorvaldsson, formaður kjörbréfanefndar, las upp fjölda þingfulltrúa en 79 fulltrúar voru mættir frá 21 félagi. Álit kjörbréfanefndar var samþykkt.

9. Staðfesting á aðild nýrra félaga.

Nýtt félag Knattspyrnarfélag miðbæjar hefur sótt um inngöngu í UMSK, Joaquin fær orðið fyrir hönd félagsins, hann upplýsir að bæði karlar og konur æfa með félaginu og fer yfir iðkendafjölda. Þingið þarf að

samþykkja inngöngu og ber þingforseti umsóknina upp við þingið og er hún samþykkt.

10. Umræður um skýrslu stjórnar.

Þingforseti opnaði á umræður um skýrslu stjórnar, enginn kvaddi sér hljóðs. Þingforseti bar upp skýrslu stjórnar og var hún samþykkt.

11. Umræður og atkvæðagreiðslur um reikninga.

Þingforseti opnaði á umræður um reikninga UMSK, enginn kvaddi sér hljóðs, þingforseti bar upp reikninga stjórnar og voru þeir samþykktir.

Viðurkenningar á 97.árspingi UMSK:

Valdimar Leo Friðriksson og Magnús Gíslason voru báðir sæmdir gullmerki UMSK fyrir störf sín fyrir sambandið

Íþróttakarlar UMSK 2020 – Arnar Pétursson Breiðablik

Íþróttakona UMSK 2020 - Karen Sif Ársælsdóttir Breiðablik

Lið ársins - Kvennalið Breiðabliks í knattspyrnu

Hvatningaverðlaun UMSK – Klappstýrulið Stál-Úlfs

12. Skipað í nefndir til starfa á þinginu, ef þörf þykir, þar á meðal uppstillingarnefnd sem starfar á milli þinga.

Uppstillingarnefnd Valdimar Leo Friðriksson, Hanna Carla og Steini Þorvaldsson

13. Fjárhagsáætlun fyrir næsta ár lögð fram.

Tillaga um fjárhagsáætlun – Frá stjórn UMSK

Guðmundur Sigurbergsson, fer yfir fjárhagsáætlun ársins.

97.ársping UMSK haldið 25.febrúar 2020 - fjárhagsáætlun fyrir 2021:

Texti:	Áætlun 2021
Tekjur:	
Íslenskar Getraunir	1.300.000
Lottó ÍSÍ	45.000.000
Lottó UMFÍ	55.000.000
Aukagreiðsla Lotto	0
Skattar aðildarfélaga	1.800.000
Útbreiðslustyrkur ÍSÍ	11.000.000
Aðrir styrkir og tekjur	4.500.000
Tekjur samtals	118.600.000

Gjöld:	
Lottó úthlutað til aðildarfélaga	79.000.000
Úthlutað úr Afreksmannasjóði	7.500.000
	86.500.000

Laun:	
Laun og launatengd gjöld	14.632.500
Áunnið orlof	0
Ökutækjastyrkir	0
Laun samtals	14.632.500

Kostnaður vegna mótahalds:

Héraðsmót	600.000
Eldriborgara verkefni	250.000
Skólahlaup UMSK	300.000

Skólamót í blaki	150.000
Íþróttaveisla/Landsmót	500.000
Unglingalandsmót	250.000
Verðlaun/viðurkenninga	150.000
Búningar	250.000
Biathlon/battavellir	0
Rafíþróttir	0
Annað	50.000
Mótahald samtals	2.500.000

Annar kostnaður:

Áhöld og búnaður	200.000
Aðkeypt þjónusta	300.000
Bókhald, reikningagerð	375.000
Burðargjöld	5.000
Bækur, tímarit	50.000
Ferðakostnaður	750.000
Bílaleigubílar	800.000
Framlög og styrkir til félaga	2.500.000
Söguritunarsjóður	500.000
Húsaleiga	775.000
Húsnæðiskostnaður annar	450.000
Landsmótssjóður	0
Veitingar, fundakostnaður	650.000
Þing og sérráð	1.000.000
Ritföng, pappír, prentun	25.000
Sími og net	250.000

Kerra	350.000
Tryggingar	75.000
Tölvukostnaður	250.000
Útgáfa	200.000
Námskeið	150.000
Fræðslumál	1.500.000
Verkefnasjóður	3.500.000
Annar kostnaður samtals	14.655.000

Rekstrargjöld samtals 118.287.500

14.Laga- og reglugerðarbreytingar lagðar fram.

Tillaga um breytingu á lögum UMSK - Frá stjórn

97. ársþing UMSK haldið 25. febrúar 2021, samþykkir eftirfarandi breytingu á lögum UMSK:

Lögin eru nú endurskoðuð að hluta. Stjórn telur nauðsynlegt að lögin skýri hlutverk og markmið sambandsins þar sem hún telur upp á það vanta í gildandi lögum. Aðrar tillögur eru flestar orðalags legs eðlis en ekki efnislegar breytingar. Markmiðið er að færa efni lagana nær samtímanum.

Sökum fundarformsins eru ekki lagðir til miklar efnislegar breytingar á lögum sambandsins að þessu sinni. Þó má færa rök fyrir því að ráðast þurfi í frekari efnislega breytingar svo færa megi lögin nær því umhverfi sem UMSK býr við í dag.

Þar sem fundarformið sníður umræðum þrengri stakk óskar stjórn UMSK eftir því að athugasemdir séu sendar skrifstofu sambandsins skriflega fyrir þingdag

og þannig auka á skilvirkni fundarins. Ekki er markmið að skerða málfrelsi og tillögurétt þingfulltrúa.

Eins og áður segir lítur stjórn þannig á að ekki sé um efnislegar breytingar að ræða heldur miklu frekar orðalagsbreytingar sem miða að því að skýra betur hlutverk sambandsins sem og daglega starfssemi.

LÖG UNGMENNASAMBANDS KJALARNESPINGS

1. gr. Heiti og sambandssvæði

Sambandið heitir Ungmennasamband Kjalarnespings, skammstafað UMSK. Sambandssvæðið er Garðabær, Kjósín, Kópavogsbær, Mosfellsbær og Seltjarnarnesbær.

UMSK starfar samkvæmt lögum ÍSÍ og UMFÍ.

2. gr. Markmið og hlutverk

- a) Að vera leiðandi héraðssamband og öflugur bakhjarl aðildarfélaganna á félagssvæðinu sem eflir enn frekar starf félaganna með virkum samskiptum og fylgist með nýjungum, straumum og stefnum í samfélaginu héraðs sem og erlendis.
- b) Að stuðla að auknu samstarfi íþróttafélaganna og veita þeim ráðgjöf, fræðslu ásamt því að miðla faglegri sérþekkingu.
- c) Vera ráðgefandi og stuðla að þverfaglegu samstarfi og samvinnu.
- d) Að hafa frumkvæði um eflingu íþróttastarfs og vera málsvari íþróttahreyfingarinnar á félagssvæðinu auk þess að annast samstarf um íþróttamál við sveitarfélög, opinbera aðila og aðra hagsmunaaðila innan sambandssvæðisins.
- e) Að varðveita og deila milli félaganna arði frá Íslenskri Getspá.

- f) Að vera reiðubúin að aðstoða við skipulag, undirbúning og framkvæmd íþróttamóta auk ráðgjafar við aðra viðburði á vegum aðildarfélags, sé eftir því leitað.
- g) Að hafa umsjón með sameiginlegum íþróttamálum á sambandssvæðinu samanber lög ÍSí um hérðassambönd og íþróttabandalög og fylgjast með því að starfsemi aðildarfélaga fari fram skv. gildandi lögum þeirra og íþróttahreyfingarinnar í heild, sbr. lög ÍSí.
- h) Að tilkynna ÍSí og viðkomandi sérsambandi um stofnun nýrra félaga og deilda. Aðstoða aðildarfélög við að staðfesta lög/lagabreytingar aðildarfélaga og halda utan um staðfest lög félaga.

3. gr. Réttur til aðildar

Rétt til aðildar sambandinu hafa þau ungmenna- og íþróttafélög sem starfrækt eru á sambandssvæðinu og hafa lög sín í samræmi við lög Ungmennafélags Íslands, Íþróttá- og Ólympíusambands Íslands og starfa jafnframt í anda þeirra.

4. gr. Umsókn um aðild

Félag sem óskar inngöngu í sambandið, skal senda skriflega umsókn til skrifstofu UMSK ásamt lögum félagsins, skrá yfir stofnfélaga, félagsmenn og stjórn. Félagið öðlast ekki fulla aðild að sambandinu fyrr en sex mánuðum eftir að stjórn UMSK hefur samþykkt inngönguna er staðfestast skal á næsta héraðsþingi.

5. gr. Starfs- og ársskýrslur

Aðildarfélög skulu senda starfsskýrslur rafrænt í gagnagrunn UMFÍ og ÍSí með félaga- og iðkendatölum og tölum úr ársreikningum fyrir 15. apríl ár hvert. Fyrir 1. júní ár hvert skulu félögin skila árskýrslum sínum til sambandsins ásamt staðfestum ársreikningi. Berist árskýrslur ekki fyrir tilsettan tíma er stjórn

sambandsins heimilt að fresta greiðslum á hlutdeild viðkomandi aðila í tekjum Íslenskrar getspár þar til skýrslur berast.

Hvert það aðildarfélag, sem ekki hefur haldið aðalfund og sent starfsskýrslur og ársreikninga, missir atkvæðisrétt sinn á næsta ársþingi UMSK.

Líði annað ár án þess að félag haldi aðalfund eða geri skil á skýrslum, ársreikningum og gjöldum, getur ársþing UMSK tekið ákvörðun um, að félaginu skuli vikið úr sambandinu. Ákveði þing að víkja félagi úr sambandinu skal tilkynna það til félagsins, ÍSÍ, UMFÍ og viðkomandi sérsambands/sérsambanda.

6. gr. Héraðsþing

Sambandið skal árlega halda héraðsþing og skal það haldið fyrir lok mars ár hvert og til skiptis hjá sambandsfélögunum. Viðkomandi félag leggur til aðstöðu. Þó getur sambandsstjórn ákveðið aðra tilhögun með héraðsþing, ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi. Þing skal boðað með minnst mánaðar fyrirvara. Skriflegt fundarboð (síðara fundarboð) með dagskrá og upplýsingum um tillögur og mál sem leggja á fyrir héraðsþing skal senda aðildarfélögum með eigi minna en 15 daga fyrirvara. Tillögur að lagabreytingum og tilkynningar framboðs til formanns og stjórnar, sem og aðrar tillögur sem leggja skal fyrir þingið, skulu berast skrifstofu UMSK eigi síðar en 20 dögum fyrir þing.

7. gr. Hlutverk héraðsþings

Héraðsþing úrskurðar reikninga sambandsins, sem skulu miðast við almanaksárið. Það ræðir og gerir tillögur um starfsemi sambandsins. Ef deilur rísa milli félaga sambandsins, ber héraðsþingi að úrskurða þær nema deilumál og kærur sem fara ber með samkvæmt fjórða kafla um Dómstóla ÍSÍ í lögum ÍSÍ. Héraðsþing ákveður aðildargjald félaganna til sambandsins. Ársskýrslu og aðildargjaldið skulu sambandsfélögin senda fyrir 1. júní ár hvert.

8. gr. Fulltrúar á héraðsþingi

Sambandsfélögin kjósa aðalfulltrúa og varafulltrúa á félagsfundum sínum, til að mæta á héraðsþingi, einn fyrir hverja 100 eða færri og einn fyrir 50 umfram síðasta hundrað gjaldskyldra félagsmanna 16 ára og eldri. Þó skulu fulltrúar aldrei vera fleiri en 9 frá sama félagi. Stjórnarmeðlimir sambandsins hafa atkvæðisrétt

þótt þeir séu ekki kjörnir fulltrúar. Héraðsþing skoðast lögmaett, ef löglega er til þess boðað.

9. gr. Réttur til þingsetu

Á héraðsþingi hafa aðeins kjörnir fulltrúar og sambandsstjórn atkvæðisrétt. Atkvæðisrétt á héraðsþingi hafa aðeins kjörnir fulltrúar þeirra félaga sem skilað hafa inn skýrslum skv. 5. grein. Auk þeirra eiga rétt til þingsetu og hafa þar málfrelsi og tillögurétt: a. Fulltrúar ÍSÍ og UMFÍ

- b. Íþróttafulltrúi ríkisins.
- c. Skoðunarmenn reikninga
- d. Meðlimir fastanefnda.
- e. Starfsmenn sambandsins.

Auk þess getur sambandsstjórn boðið öðrum aðilum þingsetu. Aðeins sá sem er í félagi innan sambandsins er kjörgengur fulltrúi þess á héraðsþingi. Hver fulltrúi hefur eitt atkvæði. Allir þingfulltrúar skulu hafa kjörbréf.

10.gr. Dagskrá héraðsþings

Störf héraðsþings, sem er æðsti aðili UMSK, eru þessi:

1. Þingsetning.
2. Kosning þingforseta.
3. Kosning þingritara.
4. Kosning þriggja manna kjörbréfanefndar.
5. Skýrsla stjórnar lögð fram.
6. Ársreikningur áritaður af stjórn og skoðunarmönnum lagður fram.
7. Ávörp gesta.
8. Álit kjörbréfanefndar.
9. Staðfesting á aðild nýrra félaga.
10. Umræður um skýrslu stjórnar.
11. Umræður og atkvæðagreiðsla um reikninga.
12. Skipað í nefndir til starfa á þinginu, ef þörf þykir, þar á meðal uppstillingarnefnd sem starfar á milli þinga.
13. Fjárhagsáætlun fyrir næsta ár lögð fram.
14. Laga- og reglugerðarbreytingar lagðar fram.
15. Aðrar tillögur lagðar fram.
16. Nefndarstörf um framlagðar tillögur og önnur mál sem nefndir ákveða að taka fyrir.
17. Afgreiðsla á álit nefnda.
18. Önnur mál.

19. Kosningar, kjörnefnd skilar álit.
20. Kosning formanns.
21. Kosning tveggja stjórnarmanna.
22. Kosning þriggja manna í varastjórn.
23. Kosning tveggja skoðunarmanna reikninga og tveggja til vara.
24. Kosning til Íþróttapings skv. lögum ÍSÍ á því ári sem Íþróttaping er haldið.
25. Þingslit.

Ef lægsta atkvæðatala til að ná kosningu fellur á tvo eða fleiri, skal kjósa um þá á ný, bundinni kosningu. Verði þeir enn jafnir, ræður hlutkesti. Einfaldur meirihluti ræður úrslitum nema um lagabeytingar sé að ræða.

11.gr. Aukaþing

Aukaþing skal halda ef nauðsyn krefur og ef helmingur sambandsaðila óskar þess. Allur boðunar- og tilkynningafrestur til aukapings má vera helmingi styttri en til reglulegs þings. Fulltrúar á aukapingi eru þeir sömu og voru á næsta reglulega þingi á undan og gilda sömu kjörbréf. Þó má kjósa að nýju í stað fulltrúa sem er látinn, veikur eða forfallaður á annan hátt. Á aukapingi má ekki gera laga- eða reglugerðarbreytingar og ekki kjósa stjórn nema bráðabirgðastjórn, ef meirihluti kjörinnar aðalstjórnar hefur sagt af sér eða hætt störfum af öðrum orsökum eða stjórnin hefur að eigin dómi orðið óstarfhæf. Að öðru leyti gilda um það sömu reglur og um reglulegt héraðsþing.

12.gr. Stjórn

Stjórn sambandsins skipa 5 menn. Formaður skal kosinn sérstaklega til tveggja ára í senn. Aðrir stjórnarmenn skulu kosnir til tveggja ára, þó þannig að aðeins skal kosið um tvo árlega. Árlega skal kjósa þrjá menn í varastjórn og ennfremur tvo skoðunarmenn reikninga og tvo til vara. Stjórninni er heimilt að skipa starfsnefndir sér til aðstoðar við sérstök verkefni eða ákveðna þætti starfsins, telji hún þess þörf.

Stjórninni er heimilt að boða til fundar með formönnum aðildarféлага UMSK í september eða október ár hvert.

13.gr. Hlutverk stjórnar

Stjórn stýrir málefnum sambandsins milli þinga og fylgist með starfsemi félaganna. Stjórn skiptir með sér verkum. Stjórnin varðveitir skjöl og sjóði sambandsins sem og aðrar eignir og leggur fram endurskoðaða reikninga á hverju

héraðsþingi. Stjórn sambandsins svo og nefndir þess skulu halda gerðabók. Stjórnin skal setja reglur um allar ferðir á vegum sambandsins.

14.gr. Lagabreytingar

Tillögur til lagabreytingar skal leggja fram í upphafi þings og sé þeim síðan vísað til laganefndar sem skal vera ein af fastanefndum þingsins. Tillögur til lagabreytinga skulu hafa borist skrifstofu UMSK eigi síðar en 20 dögum fyrir sambandsþing sem sendir þær sambandsaðilum til kynningar.

15.gr. Atkvæðamagn við lagabreytingar

Héraðsþing getur breytt lögum þessum með 2/3 greiddra atkvæða á héraðsþingi.

16.gr. Gildistaka

Með gildistöku laga þessara falla úr gildi eldri lög sambandsins. Lög þessi taka gildi við staðfestingu ÍSÍ og UMFÍ, enda reynist þau vera í samræmi við lög ÍSÍ og UMFÍ.

Samþykkt á héraðsþingi UMSK xx. febrúar 2021

Kosið um allar breytingar í einu lagi borið upp við fundinn og er það samþykkt. Lagabreytingar bornar upp og eru þær samþykktar.

15.Aðrar tillögur lagðar fram.

Engar tillögur bárust.

16.Nefndarstörf um framlagðar tillögur og önnur mál sem nefndir ákveða að taka fyrir.

Engar nefndir hafa starfað á þinginu og því ekkert gert undir þessum lið.

17.Afgreiðsla á álitum nefnda.

Ekkert gert undir þessum lið.

18.Önnur mál.

Engin önnur mál komu á dagskrá.

19.Kosningar, kjörnefnd skilar álitum.

Steini Þorvalds, atkvæðabærir Þingfulltrúar 79, frá 21 félagi.

20.Kosning formanns.

Tveir aðilar eru í framboði til formanns UMSK og fengu þeir tækifæri til að ávarpa þingið:

Guðmundur Sigurbergsson, Breiðabliki, fer yfir mikilvægi þess að UMSK sé traustur bakhjarl fyrir íþróttafélögin og miðli þekkingu til félaganna. Að UMSK sé öflugur vettvangur þar sem íþróttafélögin geta átt í samstarfi og aðstoðað hvort annað í áskorunum.

Sigurjón Sigurðsson,HK, þakkar Valdimar Leó fyrir samstarfið undanfarin ár. Hann greinir frá því að hann hefur starfað í íþróttahreyfingunni um árabíl. Hann tók þátt í sameiningu ÍK og HK og hefur verið formaður HK undanfarin misseri. Hann mun láta af störfum sem formaður HK en langar að starfa áfram í íþróttahreyfingunni. Hann vill auka samtal á milli íþróttafélaganna og skýra hlutverk UMSK. Einnig vill hann að félögin innan UMSK geti lært af hvort öðru og átt gott samstarf.

Þingforseti, opnar á vefkosningu um kosningu formanns

Örstutt hlé gert á meðan að rafrænkosning á sér stað.

Formaður kjörbréfanefndar Steini kemur í pontu og gerir grein fyrir úrslitum. 63 greiddu og skiptust atkvæði þanni að Guðmundur fékk 65% en Sigurjón 35%. Guðmundur Sigurbergsson er því réttkjörinn formaður UMSK.

21.Kosning tveggja stjórnarmann.

Eingöngu tveir í framboði þeir Pétur Örn Magnússon HK og Þorsteinn Þorbergsson Stjórnunni. Eru þeir því sjálfkjörnir í stjórn.

Fráfarandi stjórnarmenn eru þeir Magnús Gíslason og Guðmundur Sigurbergsson.

Lárus B. Lárusson og Halla Garðarsdóttir voru kjörin á síðasta ársþingi til tveggja ára og sitja því áfram í stjórn.

22.Kosning þriggja manna í varastjórn.

Geirarður Long Aftureldingu, Rakel, Másdóttir Gerplu og Margrét Dögg Halldórsdóttir Herði

23.Kosning tveggja skoðunarmanna reikningar og tveggja til vara.

Hafsteinn Pálsson, Kristján Sveinbjörnsson gáfu kost á sér áfram og voru þeir samþykktir af fundarmönnum.

24. Kosning í stjórn Afrekssjóðs

Ása Inga Þorsteinsdóttir Stjörnunni, Sólborg Sunna Sigurðardóttir gerplu, Hanna Björk Halldórsdóttir, Aftureldingu og Ellen Dröfn DÍK.

25. Kosning til Íþróttáþings skv. lögum ÍSÍ á því ári sem Íþróttáþing er haldið.

26. Þingslit

Nýkjörinn formaður UMSK, Guðmundur Sigurbergsson stígur í pontu, þakkar traustið, og hlakkar til áframhaldandi starfa fyrir UMSK.

Formaður kallaði Magnús Gíslason HK upp, fór yfir feril hans í íþróttahreyfingunni og afhendti honum gullmerki UMSK. Einnig var Valdimar Leó Friðrikssyni fráfarandi formanni UMSK, þakkað fyrir gott starf undanfarna áratugi og honum færðar gjafir frá félaginu.

Formaður þakkar fundarstjórn, þeim sem heima sitja og þeim sem mættu á fundinn og slítur þingi.